

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/192

Forsíðumynd: Túngarðurinn í Stokkhólma



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2017/192

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferðarfræði	5
Fornleifaskráning	6
Niðurstöður og samantekt	25
Lagnaleið Varmahlíð-Hof í Vesturdal – tillögur að breytingum.....	26
Niðurlag.....	33
Heimildaskrá	33

Inngangur

Fornleifaskráning þessi er unnin fyrir Skagafjarðaveitur vegna lagningar ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal. Skráningin fór fram í júní og júlí 2017 og í framhaldi var gefin út greinargerð til bráðabirgða þar sem ekki gafst tími til þess að ljúka skýrslu áður en lagning ljósleiðara hófst. Greinargerðin var send Skagafjarðaveitum og Minjaverði Norðurlands vestra. Áður var búið að skrá hluta af leiðinni í tengslum við lagningu hitaveitu en þar var ljósleiðarinn lagður samtímis. Sú skýrsla kom út vorið 2017 (Bryndís Zoëga, 2017).

Lagnaleiðin liggur frá Varmahlíð í gegnum eftirfarandi 40 jarðir og 3 minni lóðir: Víðimel, Álftagerði I og II, Húsey, Ytra- og Syðra-Vallholt, Krithól I og II, Brenniborg, Laufás, Saurbæ, Daufá, Vindheima I og II, Stokkhólma, Reykjavelli, Reykjaborg, Varmalæk og lóðirnar í kringum Ljósaland, Laugabakka og Bjarmaland. Í gegnum Steintún, Reyki, Steinsstaði, Stapa, Héraðsdal I og II, Laugardal, Litladal, Mælifell, Starrastaði, Hvammkot, Hafgrímsstaði, Ánastaði, Miðdal og Svartárdal Ytri, Bakkakot, Byrgisskarð, Bústaði, Bjarnastaðahlíð, Litlu-Hlíð, Hofsvelli og að Hofi í Vesturdal.

Skráðir voru 15m til hvorrar handar frá áætlaðri legu ljósleiðarans og er hættumat gefið fyrir minjar sem finnast innan þess svæðis. Í þeim tilvikum þar sem lagt var til að lögnin væri færð fram hjá minjum var stærra svæði skráð. Tillögur voru gerðar að mótvægisáðgerðum og þær er að finna í samantekt aftast í skýrslu. Endanlega ákvörðun um tilfærslu á lagnaleið var tekin af Minjaverði Norðurlands vestra í samráði við Skagafjarðarveitur.

Undirbúningur, vettvangsskráning og skýrslugerð var í höndum Bryndísar Zoëga, landfræðings.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 1873.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn

felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.¹

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu. “

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirséð.

¹ Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar.

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Í þessu tilviki lágu fyrir eldri fornleifaskráningar á flestum þeim jörðum sem fyrirhugaður ljósleiðari mun liggja í gegnum og því var búið að vinna grunnvinnu að mestu. Farið var í gegnum eldri skráningarskýrslur og athugað hvort að þekktar minjar væru innan skráningarsvæðis. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær túngarðurinn í Stokkhólma raðnúmerið 19 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar (Stokkhólmi-1873-19). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda við lagningu jarðstrengs og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklega til að vera í hættu eða ekki bæði út frá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskráning

Álftagerði-1873-1

Sérheiti: Álftagerðisrétt

Hlutverk: Fjánhús, hesthús, rétt

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Útihús voru þar sem að íbúðarhúsið stendur og eru gætu jarðlægar minjar, ef einhverjar eru, orðið fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Fjánhús, hesthús og rétt úr torfi og grjóti voru þar sem að íbúðarhús í Álftagerði II stendur. Þessar byggingar hurfu þegar að grunnur var tekinn að íbúðarhúsinu (Gísli Pétursson, 2017) en mögulega finnast þarna einhverjar minjar í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 27) segir: „Álftagerðisrétt stóð lítið eitt norðar en íbúðarhúsið Álftagerði II stendur núna. Hún er með öllu horfin. Giskað var á að réttin hefði rúmað 400-500 fjár Engir dilkar voru við hana en fjánhús voru þar rétt við og fengu menn að draga í þau“.

Ytra-Vallholt-1873-2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru í lagnaleið.

Staðhættir

Um 20m suðvestur af íbúðarhúsinu í Ytra-Vallholti er aflöng dæld sem mögulega eru leifar byggingar.

Lýsing


Dældin snýr nokkurn veginn norður-suður og er 5x15,5m að ummáli og það virðist mögulega vera 1-2m breiður kantur utan með. Hún er grasi gróin og 10-30cm djúp. Hlutverk er óþekkt og ekki víst að þarna sé um að ræða fornleifar. Rétt 4m norðvestan við er hola sem er um 2m í þvermál og mest 30cm djúp.

Ytra-Vallholt-1873-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru í lagnaleið.



Mynd 1. Minjar á Ytra-Vallholti. Skráðar minjar eru merktar með númeri en hvítu minjarnar sem sjást eru utan áhrifasvæðis ljósleiddara.

Staðhættir

Í brekkunni suður af íbúðarhúsinu eru garðlög og tóftir. Nokkuð virkjamikill garður liggur þvert yfir lagnaleiðina frá austri til vesturs. Hann er um 100m suður af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Garðurinn er 30-160cm hár og grasi gróinn. Hann ver vel greinilegur, alls 100m langur en aðeins hluti hans er við lagnaleiðina. Þegar hnitsett túnakort frá 1917 er lagt yfir loftmynd sést að garðurinn er ekki við útmörk gamla túnsins og því óvíst hvort um er að ræða túngarð. Samsíða garðinum að sunnan, er annar garður. Hann er styttri en fyrrnefndi garðurinn og liggur utan við lagnaleið.



Mynd 2. Tóftir og garðlög í brekkunni sunnan við Ytra-Vallholt. Horft er til norðurs.

Ytra-Vallholt-1873-4

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru um 2m frá lagnaleið.

Staðhættir

Í útjaðri gamla túnsins í Ytra-Vallholti, um 120m suður af íbúðarhúsinu, er garður (1873-3) og tóft (1873-5). Vestan tóftarinnar er dæld.

Lýsing

Dældin er 3x6m að utanmáli og 10-30cm djúp. Hún er grasi gróin eins og tóftin sem liggur þétt upp við hana til austurs. Hlutverk er óljóst og eins gæti verið að dældin sé hluti af tóftinni sem er austan við en þær eru þó hér skráðar í sitthvoru lagi.

Ytra-Vallholt-1873-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar er rétt rúmlega 10m frá lagnaleið.

Staðhættir

Í brekkunni suður af íbúðarhúsinu eru garðlög og tóftir. Í útjaðri gamla túnsins, um 120m suður af íbúðarhúsinu er tóft og vestan hennar dæld (1873-5).

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur, þvert á útihúsatóft sem liggur þar sunnan við (er utan svæðis og því ekki skráð). Hún er 8,5x14m að utanmáli, tvískipt og snýr austur-vesturs. Dyr eru á báðum hólfum og snúa aðrar til norðurs en hinar norðvesturs. Veggir eru 30-50cm háir og mest um 2m á breidd.

Krithóll-1873-6

Hlutverk: Híbýli, fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Gamli bærinn stóð þar sem íbúðarhúsið er núna. Minjar sjást ekki á yfirborði en gætu leynst í jörðu.

Staðhættir

Samkvæmt heimildamönnum var gamli torfbærinn á Krithóli þar sem nú er nyrðri hluti íbúðarhússins á Krithóli I og fjósið sunnan þess (Ólafur Björnsson og Anna Ragnarsdóttir 15.06.17).

Lýsing

Ekkert sést eftir af gamla bænum eða fjósinu á bæjarstæðinu þar sem nú er íbúðarhús og bílaplan.

Krithóll-1873-7

Sérheiti: Lambhúsholt

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið. Ekki er vita hvar húsin stóðu.

Staðhættir og lýsing

Íbúðarhúsið á Krithóli II er byggt á svonefndu Lambhúsholti þar sem að lambhús munu einhvern tíma hafa verið. Ábúendur á Krithóli II sögðu að engin hús eða tóftir hafi verið þarna þegar íbúðarhúsið var reist og aðeins kom upp smiðjumór þegar að grunnur þess var tekinn (Ólafur Björnsson og Anna Ragnarsdóttir 15.06.17).

Brenniborg-1873-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur, tóft

Hættumat: **Hætta.** Minjarnar eru 7m frá lagnaleið.

Staðhættir


Á hól, tæplega 90m norðvestur af íbúðarhúsinu á Brenniborg er niðurgröftur, hugsanlega leifar byggingar.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 10x10m í þvermál og mest 60cm djúpur. Hann er grasi gróinn og skiptist hugsanlega í tvær dældir. Hlutverk er óvíst en þarna gæti hafa staðið mannvirki af einhverju tagi. Þegar hnitsett túnakort er lagt yfir loftmynd sést að þarna hefur ekki staðið útihús um 1917 og því gæti niðurgröfturinn verið frá því eftir þann tíma og telst því ekki til fornleifa í lagalegum skilningi. Hann gæti einnig verið eldri heldur en túnakortið en það var ekkert sem sérstaklega gat bent til aldurs hans. Fyrrum eigandi jarðarinnar sagðist hafa heyrt að þarna hefði einhvern tímann staðið útihús (munnl. heimild: Jóhannes Helgason, 2017).



Mynd 3. Minjar á hólum í landi Brenniborgar. Gamli bærinn stóð hægra megin við útihúsin á myndinni.



Mynd 4. Minjar 1873-9 og 10 í landi Laufáss.

Laufás-1873-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Mikil hættu.** Minjarnar eru í lagnalínu og verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Sunnan við tún eyðibýlisins Laufáss er eru tvennar tóftir. Nyrðri tóftin er 100m suður af túninu.

Lýsing

Umhverfis tóftina er fremur slétt grasi gróið land og sker tóftin sig nokkuð úr þar sem hún er aðeins hærri en umhverfið og bæði grænni og grösugri. Grjót sést í brúnum veggja sem eru rofnir á nokkrum stöðum og sér þar í mold. Þeir eru 10-30sm háir en engar innbrúnir eru greinanlegar.

Laufás-1873-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Engin hættu.** Minjarnar eru 13m frá lagnalínu og eru ekki taldar í hættu að óbreyttu.

Staðhættir

Sunnan við tún eyðibýlisins Laufsáss er eru tvennar tóftir. Nyrðri tóftin er 100m suður af túninu og syðri tóftin 25m sunnan hennar.

Lýsing

Umhverfis tóftina er fremur slétt grasi gróið land og sker tóftin sig nokkuð úr þar sem hún er aðeins hærri en umhverfið og bæði grænni og grösugri. Veggir eru grónir og 10-30cm háir. Innbrúnir eru ekki greinanlegar.

Saurbær-1873-11

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur þar sem að húsin stóðu áður. Minjar sjást ekki á yfirborði en gætu leynst í jörðu.

Staðhættir

Samkvæmt ábúanda (Eymundur Þórarinnsson 15.06.17) heitir hóllinn norðvestur af bæjarhúsunum Hesthúshóll. Þar stóð áður hesthús, um 120m norðvestur frá íbúðahúsinu.

Lýsing

Hesthúsin eru horfin og þarna er nú slétt grasflöt en hægt var að staðsetja húsin út frá hnitsettu túnakorti frá 1917 og ábendingu ábúanda (Eymundur Þórarinnsson 15.06.17).

Saurbær-1873-12

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Lögnin kemur inn í húsið að vestan og þar gætu leynst, í jörðu, minjar gamla bæjarins og fjóssins.

Staðhættir

Gamli torfbærinn og fjósið var þar sem að íbúðarhúsið er núna (Eymundur Þórarinnsson 15.06.17) og á túnakorti frá 1918 er útihús norðan hans, það mun hafa verið fjós.

Lýsing

Síðasta torffjósið var norðan við gamla bæinn en áður hafði það staðið sunnan hans. Bæði gamli bærinn og fjósið eru horfin en bærinn var hnitsettur samkvæmt ábendingu ábúanda (Eymundur Þórarinnsson 15.06.17) og útihúsið samkvæmt hnitsettu túnakorti. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögunnar (bls. 72) er vatnslitamynd af gamla bænum í Saurbæ og er bænum á myndinni svo lýst: „Þar sést bakhlið bæjarins og er horft til austurs. Tvær burstir snúa til austurs fram á hlaðið. Skálinn er að sunnan, til hægri, en skemman að norðan, til vinstri. Baðstofan er að vestan en norðan við er fjóshlaðan og fjósið þar norðan við. Áður en þetta fjós var byggt sem sést á myndinni var fjósið sunnan við bæinn.“

Saurbær-1873-13

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Lögnin kemur inn í húsið að vestan og þar sem að fjósið var og ættu minjar bæjarins ekki að vera í hættu.

Staðhættir

Gamli torfbærinn var þar sem að íbúðarhúsið er núna (Eymundur Þórarinnsson 15.06.17) og á túnakorti frá 1918 er útihús norðan hans.

Lýsing

Báðar þessar byggingar eru horfnar en bærinn var hnitsettur samkvæmt ábendingu ábúanda (Eymundur Þórarinnsson 15.06.17).

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögunnar (bls. 72) er vatnslitamynd af gamla bænum í Saurbæ og er bænum á myndinni svo líst: „Þar sést bakhlið bæjarins og er horft til austurs. Tvær burstir snúa til austurs fram á hlaðið. Skálinn er að sunnan, til hægri, en skemman að norðan, til vinstri. Baðstofan er að vestan en norðan við er fjóshlaðan og fjósið þar norðan við. Áður en þetta fjós var byggt sem sést á myndinni var fjósið sunnan við bæinn.“

Reykjaborg-1873-14

Hlutverk: Rétt, stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 12m frá lagnaleið.

Staðhættir


Rétt austan við túnjaðar á Reykjaborg, tæplega 90m norðaustur af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin er 8x19m að utanmáli og snýr nnv/ssa. Hún er algróin grasi, veggir eru 30-40cm og um metri á breidd. Innveggir eru óljósir að hluta vegna gróðurs og ekki gott að átta sig á fyrirkomulagi en þó virðast vera fleiri en eitt hól í tóftinni. Útlit bendir til að líklega sé þetta stór stekkur eða einhverskonar rétt.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 98) segir um tóftina: „Í landi Reykjaborgar, skammt út og niður frá Laugarbakkahúsinu, (65°28'600/19°22'340) er stór tóft með skýrum útlínum og reyndar innveggjum að hluta. Hún stendur niðri í dragi, þ.e. gömlum farvegi, og er því furðulega sett í röku landi, en nokkrum metrum vestar er þurr bakki, a.m.k. hálfum metra hærri. Stendur stundum vatn á þessum stað. Þetta hlýtur að hafa verið einhvers konar fjárrétt frá Skíðastöðum en fráleitt hús.“



Mynd 5. Tóft (1873-14), líklega rétt í landi Reykjaborgar.

Reykir-1873-15

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Lagnaleiðin kemur sunnan að íbúðarhúsinu en gamli bærinn var nokkru norðar og leifar hans ættu því ekki að vera í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Gamli bærinn á Reykjum var þar sem að norðurendi íbúðarhússins er í dag, vestur af kirkjunni (Elín Helga Sigurjónsdóttir, 2017).

Lýsing

Ekkert sér af gamla bænum og er malarplan beggja vegna hússins þar sem að bærinn var áður.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögunnar (bls. 128) segir: „Búið var í síðasta torfbænum á Reykjum til 1947. Hann var byggður um eða eftir 1851 af Pétri Bjarnasyni sem 1852 fluttist frá Reykjum á Reykjaströnd að Reykjum í Tungusveit. Bærinn stóð í 100 ár, var rifinn á árunum 1952-1953 og þótti bæði stór og vandaður að gerð. Jóhann Pétur Pétursson, síðar stórbóndi á Brúnastöðum, var bróðir Guðrúnar á Reykjum, konu Bjarna, þá ungur maður og hann risti allt torfið í bæinn sem nær eingöngu var hlaðinn út strengjum en ekki klömbrum. Tréverkið var úr rekaviði af Reykjaströnd sem fluttur var sjóleiðis inn á Borgarsand og þaðan dreginn á ísum fram að Reykjum. Bærinn þótti sérstaklega hlýr enda voru gólfín volg af jarðhita sem vermir þarna jörðina á stóru svæði. Um 1940 var leitt heitt vatn úr Hornahver heim í torfbæinn til upphitunar og settir ofnar í baðstofuna. Eftir að steypa húsið var byggt þóttu dúkar endast illa á gólfum og kennt um jarðhita.“

Reykir-1873-16

Hlutverk: Útihús, öskuhóll?

Tegund: Heimild

Hættumat: Mikil hættu. Fyrirhuguð lagnaleið liggur þar sem að minjar hafa komið upp við garðrækt.

Staðhættir

Í garðinum sunnan við íbúðarhúsið á Reykjum, fremst á hól fannst, að sögn heimildamanns, hleðslugrjót þegar verið var að planta trám. Einnig fannst brot úr bolla- eða matarstelli (munnl. heimild: Elín Helga Sigurjónsdóttir, 2017).

Lýsing

Þarna hefur að líkindum verið bygging og mögulega hefur ösku og öðru rusli einnig verið hent þarna suður og niður af hólnum. Á túnakorti frá 1917 eru merkt útihús ekki langt frá þessum stað.

Vindheimar-1873-17

Hlutverk: Hestasteinn

Tegund: Steinn

Hættumat: Engin hætta. Steinninn er við viðbyggingu norðan við íbúðarhúsið og ætti því ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Hestasteinninn er enn til og stendur norðan við íbúðarhúsið á Vindheimum 1.



Mynd 6. Hestasteinninn (1873-17) við hornið á íbúðarhúsinu á Vindheimum 1.

Vindheimar-1873-18

Hlutverk: Fjárhús, rétt

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Fjárhús og rétt voru þar sem að íbúðarhúsið er í dag, minjar geta leynst í jörðu.

Staðhættir

Fjárhús og rétt stóðu áður þar sem að íbúðarhúsið á Vindheimum 2 stendur í dag (Sigmundur Magnússon, 2017).

Lýsing

Byggingarnar eru með öllu horfnar af yfirborði.



Mynd 7. Horft til asa eftir gamla túngarðinum á Stokkhólma í átt að útihúsunum.

sem að lagnaleið ljósleiðara fer í gegn. Þar hafði áður verið lagður rafstrengur.

Lýsing

Garðurinn er á bakka gamals uppþornaðs árfarvegar. Hann er rofinn á köflum, einkum á þeirri hlið er snýr að árfarveginum. Hann er gróinn grasi og mosa, 30-150cm hár og mest tæpir 1,5m á breidd.

Stokkhólmi-1873-19

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Lögnin fer í gegnum minjarnar.

Staðhættir

Túngarðurinn í Stokkhólma er enn vel greinilegur á nokkuð löngum kafla vestan við túnið sem er norðan við bæinn og á kafla suðvestan við bæinn. Garðurinn var skráður að hluta, sunnan við heimreiðina að Stokkhólma þar

Steinsstaðir-1873-20


Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Jarðlægar minjar

Hættumat: Mikil hætta. Lögnin fer í gegnum minjarnar.

Staðhættir og lýsing.

Við lagningu rafstrengjar að sumarbústað í landi Steinsstaða fundust mannabein sem að síðar reyndust tilheyra kirkjugarði úr frumkristni. Garðurinn er að hluta undir veginum sem liggur að sumarbústaðnum og fundust grafir beggja vegna vegarins við fornleifarannsókn. Nákvæmt umfang garðsins er ekki þekkt en algengt er að garðar frá þeim tíma væru um 17-20m í þvermál (Munnleg heimild: Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, 2017).



Mynd 8. Stekkjartóft í landi Stapa.

utanmáli og snýr nv-sa. Hún er algróin grasi og veggir eru 20-30cm háir og tæplega metri á breidd. Tóftin er tvískipt, kró til nv og réttin til sa og á henni hlið. Ekki er hægt að greina hlið á milli réttar og króar

Aðrar upplýsingar

Getið er um stekkin í III. bindi Byggðasögunnar (bls. 172) þar sem segir: „Dalsplássvegur liggur um sundið ofan við Vatnshólinn og 15m ofan við veginn er forn stekkjartóft (65°27'602/19°18'165)“.

Stapi-1873-22

Sérheiti: Stapi

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Lagnaleiðin fer í gegnum tún en bærinn stóð utan túnsins.

Staðhættir

Gamli bærinn í Stapa var um 60m norðvestan við íbúðarhúsið, rétt sunnan við veginn niður í Dalspláss.

Lýsing

Búið er að rífa bæinn og þegar skráning fór fram var þarna njólahaf og ekki hægt að greina nein vegsummerki um byggingar.

Stapi-1873-21

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Lögnin liggur 6m sunnan við tóftina.

Staðhættir

Rúmlega 270m norðvestur af íbúðarhúsinu í Stapa, ofan við veginn sem liggur í Héraðsdal/Dalspláss er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er rúmlega 4x6m að

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 172) segir: „Bæjarstæðið gamla í Stapa er uppi á brúninni suðvestur frá Stapanum, um það bil 100 metrum norðan við núverandi íbúðarhús (65°27'530/19°17'960). Leifar torfbæjarins sáust fram undir aldamótin 2000 að þær voru sléttaðar út“.

Héraðsdalur 1-1873-23

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Lögnin liggur 10m norðaustan við tóftina

Staðhættir

Á gróinni áreyri, neðan við veginn sem liggur niður í Dalspláss er stekkjartóft. Hún er um 370m norðvestur frá minkahúsunum í Héraðsdal 2.

Lýsing

Tóftin er þrískipt og er því ekki eins og hefðbundin stekkjartóft í útliti en staðsetningin og útlit að einhverju leyti benda þó til þess að þetta kunni að vera stekkur. Tóftin er 11x14m að utanmáli og eru tvö hlið greinanleg, annað á vesturvegg en hitt til norðurs út úr því sem virðist vera króin. Innbrúnir veggja eru ekki mjög greinilegar. Veggir eru grasi grónir, 30-40cm háir og mest um 1,5m á breidd. Stekkjartóftin er T-laga tóftin sem getið er að neðan en svæðið var ekki rannsakað í heild sinni og því ekki hægt að fullyrða hvort að þarna hafi verið býli eða ekki.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 181) segir: „Ytri-Stekkur heitir neðan undir sneiðingnum upp úr Dalsplássi í 1700 metra fjarlægð frá gamla bænum. Hér eru tóftir á þremur stöðum. Sú sem nærst er brekkunni virðist af stórum stekk (65°27'484/19°17'115). Rústasvæðið nær þó mikið útfyrir stekkjartóftina. Um það bil 15 m sunnar er önnur húsatóft en óljós (65°27'464/19°17'105). Neðar er stór T-laga tóft á undirbakka og gæti vel verið bæjartóft (65°27'498/19°17'092). Hér hefur verið mikið valllendi, þurrhent og tiltölulega slétt. Vatnslind er í brekkunni fyrir sunnan og ofan. Hér benda allar aðstæður til fornbýlis og Magnús Helgason nefndi það Hlíðarenda“.



Mynd 9. Mögulega stekkjartóft í landi Héraðsdals I.

Héraðsdalur-1873-24

Sérheiti: Héraðsdalur

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Dæld

Hættumat: Mikil hætta. Lögnin fer í gegnum minjarnar.

Staðhættir

Gamli torfbærinn í Héraðsdal var vestan við eldra íbúðarhúsið í Héraðsdal 1 þar sem að nú er garður.

Lýsing

Búið er að rífa gamla bæinn og slétta út hólinn sem hann stóð á.

Í garðinum vestan við húsið er

um 10cm djúp dæld sem er um 10x12m að utanmáli. Enn geta leynst minjar í jörðu þó að það sé búið að ryðja um því sem uppi stóð.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 178) segir: „Þegar Magnús Helgason hóf búskap í Héraðsdal vorið 1922 voru þar öll jarðarhús í mikilli niðurníðslu og hvergi girðingar. Gamli skálinn var fallinn en leifar bæjarins stóðu, og þar var Sigtryggur Einarsson með fjölskyldu sína þann tíma sem hann bjó á móti Magnúsi, eða til 1927. Smiðjan gamla stóð austan við bæinn og var 6-8 m breitt sund á milli. Magnús reisti sér nýjan torfbæ árið 1923, norðan til í húsabyrpingunni sem verið hafði, reif þar af grunni hálfónýtt hús. Þegar í upphafi búskapar síns í Héraðsdal byggði Magnús hlöður við fjárhús og fjós. Hann hóf að byggja steinhúsið snemma vors 1937 og var flutt inn í það fyrir áramótin. Steinhúsið var byggt litlu austan við gamla bæinn. Þá var þar meiri hóll og hærri en nú sést því að grunnur bæjarins var skafinn niður með jarðýtu og færður norðaustur í lautina og fyllt þar upp drag milli hóla. Hann stóð allengi eftir að flutt var í steipta húsið og síðast var hlóðaeldhúsið gamla notað til að reykja þar kjöt“.



Mynd 10. Gamli bærinn í Héraðsdal stóð hægra megin við íbúðarhúsið á myndinni þar sem nú er slétt grasflöt. Þar sér þó enn móta fyrir dæld á svipuðum slóðum og gamli bærinn stóð.

Héraðsdalur-1873-44

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Útihús, mögulega fjós var norðan við gamla bæinn og mun lagnaleið að óbreyttu fara í gegnum staðinn þar sem að þessi hús stóðu.

Staðhættir

Gamli torfbærinn í Héraðsdal var vestan við eldra íbúðarhúsið í Héraðsdal 1 og á túnakorti frá 1918 er útihús merkt norðan við bæinn.

Lýsing

Líklega hefur þarna verið fjós sem algengt var að væri sambyggt bænum. Þarna sést nú ekkert á yfirborði en dæld er í garðinum þar sunnan nokkurn veginn þar sem bærinn stóð.

Héraðsdalur-1873-25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Lögnin fer í gegnum minjarnar.

Staðhættir

Um 200m ana af eldra íbúðarhúsinu í Héraðsdal er garðlag.

Lýsing

Garðurinn, eða sá hluti hans sem er eftir, liggur í stefnuna norður-suður. Hann er alls 60m langur en við suðurendann er rof á honum. Hann er allt að 130cm hár, nokkuð stæðilegur og grasi gróinn. Mesta breidd er 2m. Hlutverk er óþekkt og virðist þetta vera heldur langt frá bæ til að vera túngarður en þó má það vera. Framhald af garðinum var ekki ljóst hvorki sunnan hans né norðan en hann virðist beygja örlítið til suðvesturs við suðurendann.

Litlidalur-1873-26

Sérheiti: Litlidalur

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Ljósleiðarinn kemur að húsinu að norðan að viðbyggingu sem er norðan við íbúðarhúsið.

Staðhættir

Gamli torfbærinn í Litladal var þar sem íbúðarhúsið stendur í dag en fjósið var nokkru norðar.

Lýsing

Bærinn er horfinn af yfirborði en minjar geta enn leynst í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 191) segir: „Túnið í Litladal er allt í dalkvos þeirri sem gengur suður í hæðirnar frá undirlendi Dalsplássins og stendur íbúðarhúsið undir austurbrekkunni á sama stað og torfbærinn var áður. Fjósið var þá norðan við torfbæinn.“

Litlidalur-1873-27

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Lögnin fer um 5-20m vestan við staðinn þar sem að fjósið stóð. Minjar sjást ekki á yfirborði en gætu leynst í jörðu

Staðhættir

Gamli torfbærinn í Litladal var þar sem íbúðarhúsið stendur í dag en fjósið var nokkru norðar.

Lýsing

Fjósið var staðsett eftir hnitsettu túnakorti frá 1917 og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 191) segir: „Túnið í Litladal er allt í dalkvos þeirri sem gengur suður í hæðirnar frá undirlendi Dalsplássins og stendur íbúðarhúsið undir austurbrekkunni á sama stað og torfbærinn var áður. Fjósið var þá norðan við torfbæinn.“

Mælifell-1873-28

Sérheiti: Mælifell

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Lögnin virðist ekki grafin heim að íbúðarhúsinu á Mælifelli og ættu því jarðlægar minjar bæjarins ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Gamli bærinn á Mælifelli var þar sem að íbúðarhúsið stendur í dag.

Lýsing

Gamli bærinn er horfinn en leifar hans eða eldri bæja geta enn leynst í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 451): „Bæjarhús á Mælifelli hafa líklega alltaf staðið á sama bæjarhólnum og síðasti torfbærinn var nokkurn veginn á sama stað og núverandi íbúðarhús. Hann brann haustið 1921, byggður líklega 1894. Sunnan við bæinn var fjós og hlaða sem tókst að verja í brunanum. Þar er núna skrudgarður sunnan við íbúðarhúsið með vöxtulegum trjám.“

Starrastaðir-1873-29

Sérheiti: Starrastaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hættu. Lögnin fer yfir minjarnar.

Staðhættir

Rúmlega 150m suðvestur af íbúðarhúsinu á Starrastöðum er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er í vinkel, opið mót austri og 25m langt, en austurendi þess er frekar óljós. Það er grjóthlaðið, 20-40cm hátt og um hálfur metri á breidd.

Starrastaðir-1873-30

Sérheiti: Starrastaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Lögnin fer að íbúðarhúsinu að norðan en gamli bærinn var nokkru vestar.

Staðhættir

Íbúðarhúsið á Starrastöðum varreist framan við gamla torfbæinn.

Lýsing

Varðveist hefur hleðslubrot úr gamla bænum suðvestan við íbúðarhúsið og geymsluna en minjarnar eru utan svæðis. Minjar geta enn leynst í jörðu þó að búið sé að rífa gamla bæinn og byggja yfir hann.



Mynd 11. Smá hluti hefur varðveist af gamla bænum á Starrastöðum. Hann er utan svæðis og ekki í hættu vegna lagningar ljósleiðara.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 445): „Torfbærinn var á sama bæjarhól og núverandi hús, eða því sem næst. Steinhúsið var byggt framan við bæinn.“

Ánastaðir-1873-31

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Mikil hætta. Lagnaleiðin liggur í námunda við staðinn þar sem útihúsin stóðu um 100m suðaustur frá íbúðarhúsinu sem nú er horfið.

Staðhættir

Gamli bærinn á Ánastöðum stóð á bæjarhólnum sem nú hefur verið sléttaður í tún. Á túnakorti frá 1918 sést að útihús var um 100m suðaustur frá gamla bænum, á suðurbakka bæjarlækjarins.

Lýsing

Á loftmynd sem tekin var 7. ágúst 1985 sjást tóftir á sunnanverðum bæjarlækjarbakkanum sem nú eru horfnar en þarna hefur nýlega verið sléttað úr öllu og gert tún. Húsin voru hnitsett eftir túnakorti frá 1918 og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Um fjárhúsin segir í örnefnaskrá: „Sunnan lækjar, suðaustur frá bænum, voru fjárhús fyrir 100 kindur, og hafa þau verið í notkun að sl. ári, en eru nú að hrynja (1982).“

Ytri-Svartárdalur-1873-32

Sérheiti: Ytri-Svartárdalur

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarstæðinu og minjar geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirborði.

Staðhættir

Gamli bærinn í Ytri-Svartárdal stóð þar sem að íbúðarhúsið, sem reist var árið 1950, stendur nú.

Lýsing

Ekkert sér eftir af gamla bænum í Ytri-Svartárdal.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 388-389) segir: „Ófeigur Björnsson byggði vandað timburhús við torfbæinn árið 1907. Húsið var 14 álnir á lengd, 8 á breidd og 8 á hæð. Hliðveggir voru úr torfi og grjóti en báðir stafnar úr timbri. Þak úr torfi. Loft var yfir húsinu og gegnumgangandi kvistur en herbergi í hvorum enda. Öll grind hússins var úr 6x6 tommu trjám og milli allra herbergja, bæði uppi og niðri, voru tvöföld panelþil en bitar klæddir með hefluðum borðum. Undir parti af húsinu var kjallari, 6 álna langur og 6 álna breiður, hlaðinn úr tómu grjóti og sementaður. Undir vesturstafni var sementaður grunnur, ein alin á hæð og þar var inngangur í húsið við syðri langvegg (...) Íbúðarhúsið stendur á sama stað og torfbærinn. Gömul viðbygging er norðan við húsið, gerð af Ragnari Ófeigssyni sem byggði hana þá áfasta norðan við gamla bæinn. Árið 1950 reif hann síðan timburbæinn og byggði íbúðarhúsið sunnan við viðbygginguna.“

Bakkakot-1873-33

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Fjárhúsin stóðu þar sem að íbúðarhúsið stendur núna, minjar geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirborði.

Staðhættir

Fjárhús voru þar sem að íbúðarhúsið í Bakkakoti stendur nú (Leifur Steinar Hreggviðsson, 2017).

Lýsing

Þau eru horfin af yfirborði en mögulega geta leynst einhverjar minjar í jörðu.

Bakkakot-1873-34

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Minjarnar eru horfnar.

Staðhættir

Á túnakortið frá 1918 má sjá að heimreiðin lá til vesturs frá gamla bænum þar sem nú er tún og síðan nýrri heimreið.

Lýsing

Heimreiðin sést ekki á yfirborði og hefur líklega horfið að fullu við plægingu.

Byrgisskarð-1873-35

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Hleðslur komur í ljós þegar að grafið var fyrir íbúðarhúsinu. Minjar geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirborði.

Staðhættir

Þegar grafið var fyrir grunninum að íbúðarhúsinu í Byrgisskarði komu upp hleðslur.

Lýsing

Óvíst er hverskonar bygging var þarna en ólíklegt að miklar minjar hafi varðveist í jörðu þó ekki sé hægt að fullyrða það.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögunnar (bls. 297) segir: „Þar sem bærinn var byggður var kallað Byrgi og voru fyrrum beitarhús frá Bakkakoti. Þarna er nokkuð grösugt land, var kallað Byrgistún og fornir vallargarðar umhverfis. Sunnan íbúðarhússins eru enn gömul torfhús 2003, fjárhús, sem breytt var síðan í fjós og er nú fyrir hrúta. Þegar grafið var fyrir sökklum íbúðarhússins varð vart við hleðslur í jörðu. Bendir flest til að þarna hafi verið býli til forna“.

Bústaðir-1873-36

Sérheiti: Bústaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Lagnaleiðin liggur yfir gamla bæjarstæðið. Minjar geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirborði.

Staðhættir


Gamli bærinn á Bústöðum stóð ofan við íbúðarhúsið á Bústöðum II þar sem að núna er bílastæði og vegur.

Lýsing

Ekkert sést eftir af bænum en minjar geta leynst í jörðu þó þær sjáist ekki á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 287) segir: „Vegurinn fram að Ábæ liggur um hlaðið á Bústöðum, ofan íbúðarhússins. Gamli bærinn stóð litlu ofar, nákvæmlega þar sem vegurinn liggur nú um hlaðið. Einungis var smásund milli gamla og nýja hússins sem byggt var á árunum 1954-1955 en flutt inn í það 1. desember 1955. Framhús gamla bæjarins var rífið strax haustið 1955.“



Mynd 12. Minjar á Bústöðum. Efst á mynd er eldra íbúðarhúsið (Bústaðir I) en neðst á myndinni er yngra húsið (Bústaðir II).

Bústaðir-1873-37

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru horfnar.

Staðhættir

Þegar hnitsett túnakort er lagt yfir loftmynd má sjá að heimreiðin lá á sama eða mjög svipuðum stað og hún gerir í dag, þ.e. vegurinn sem liggur áfram í gegnum bæjarstæðið og fram í Austurdal.

Lýsing

Gamla heimreiðin er horfin undir núverandi heimreið og sér ekkert eftir af henni, a.m.k. ekki í námunda við framkvæmdasvæðið.

Bústaðir-1873-38

Hlutverk: Fjós, fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru um 3m frá lagnaleið.

Staðhættir

Vestan við bæjarlækinn á Bústöðum, ofan heimreiðar og um 25m ofan (sunnan) íbúðarhússins á Bústöðum II er tóft og samkvæmt ábúanda (Steindór Búi Sigurbergsson, 2017) var þar síðast fjós.

Lýsing

Tóftin liggur nna-ssv og er 7x16m að utanmáli. Útbrúnir veggja eru greinilegar 10-20cm háar en innbrúnir ógreinilegri en grjóthlaðinn garði virðist hafa verið fyrir miðju sem bendir til að þetta hafi einhvern tíma verið fjárhús. Breidd veggja er rúmlega 1m. Tóftin er grasi gróin en grjót sést í útveggjum. Hlaða eða heytóft hefur verið til ssv.

Bústaðir-1873-39

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru um 6m frá lagnaleiðinni sem að liggur samsíða hleðslunni á um 15m kafla.

Staðhættir

Tæplega 10m norðvestan við íbúðarhúsið á Bústöðum I er hleðsla sem að liggur í vinkel.

Lýsing

Líklega er um að ræða leifar af byggingu. Hleðslan er grasi gróin, 20-70cm há og mest um 2,5m á breidd. Hún er alls 22m löng.

Litla-Hlíð-1873-40

Sérheiti: Litla-Hlíð

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Lögnin kemur inn í húsið að suðvestan en gamli bærinn stóð norðar og ættu jarðlægar minjar ekki að verða fyrir raski.

Staðhættir

Gamli bærinn í Litlu-Hlíð stóð þar sem nú er norðaustur endi íbúðarhússins.

Lýsing

Bærinn er horfinn og engar minjar sjást á yfirborði en hugsanlegt er að einhverjar minjar leynist í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 307) segir um bæinn: „Torfbærinn stóð fyrrum á sama stað og núverandi íbúðarhús. Túngarður var umhverfis gamla túnið og stendur enn hluti hans sunnan við bæinn og heimagrafreitinn og sveigir þar til vesturs.“

Hof-1873-41

Sérheiti: Hof

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Lögnin kemur að íbúðarhúsinu að norðan og ættu jarðlægar minjar gamla bæjarins, sem stóð aðeins ofar, því ekki að verða fyrir raski.

Staðhættir

Gamli bærinn stóð ofan við núverandi íbúðarhús á Hofi.

Lýsing

Búið er að rífa bæinn og ekkert sést eftir af honum yfirborði en minjar gætu hafa varðveist í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 358) segir: „Á árunum 1954-1955 var byggt nýtt steinsteypt íbúðarhús á Hofi austan við gamla bæinn, aðeins mjótt sund á milli. Þegar grafið var fyrir sökklinum var komið niður á margar beinagrindur sem lágu þétt hlið við hlið og jafnvel hver ofan á annarri. Haft var samband við þjóðminjavörð en hann gaf leyfi til að halda áfram byggingunni og rannsakaði ekkert. Beinir voru því grafin niður aftur á sama stað en grunnur hússins færður nokkra metra suður fyrir grafreitinn.“

Hof-1873-42

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Jarðlægar minjar

Hættumat: Mikil hættu. Mannaein hafa komið upp við framkvæmdir.

Staðhættir

Bein hafa komið upp framkvæmdir norðvestan við íbúðarhúsið á Hofi.

Lýsing

Heimild er um kirkju á Hofi og gera má ráð fyrir að hún hafi staðið í kirkjugarðinum.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 358) segir: „Kirkjustæðið var litlu utar og neðar en torfbærinn. Um miðja 20. öld voru þar stórar þúfur sem minntu á leiði og mótaði fyrir hústöft en ekki minnst heimildamaður að sést hafi fyrir garði umhverfis. Á árunum 1954-1955 var byggt nýtt steinsteypt íbúðarhús á Hofi austan við gamla bæinn, aðeins mjótt sund á milli. Þegar grafið var fyrir sökklinum var komið niður á margar beinagrindur sem lágu þétt hlið við hlið og jafnvel hver ofan á annarri. Haft var samband við þjóðminjavörð en hann gaf leyfi til að halda áfram byggingunni og rannsakaði ekkert. Beinir voru því grafin niður aftur á sama stað en grunnur hússins færður nokkra metra suður fyrir grafreitinn. Beinir virtust vel varðveitt og hauskúpurnar flestar heilar og vel tenntar. Gísli Eypórsson bóndi á Hofi 1976-1985 handgróf fyrir frárennsli norður frá íbúðarhúsinu og varð þá enn var við talsvert af mannabeinum sem hann gróf niður aftur því að ekki var um sinnt af yfirvöldum.“

Hof-1873-43

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: Mikil hættu. Mannaein hafa komið upp við framkvæmdir en staðsetning kirkjunnar er ekki þekkt.

Staðhættir

Bein hafa komið upp framkvæmdir norðvestan við íbúðarhúsið á Hofi.

Lýsing

Heimild er um kirkju á Hofi og gera má ráð fyrir að hún hafi staðið í kirkjugarðinum.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 358) segir: „Kirkjustæðið var litlu utar og neðar en torfbærinn. Um miðja 20. öld voru þar stórar þúfur sem minntu á leiði og mótaði fyrir hústóft en ekki minnst heimildamaður að sést hafi fyrir garði umhverfis. Á árunum 1954-1955 var byggt nýtt steinsteypt íbúðarhús á Hofi austan við gamla bæinn, aðeins mjótt sund á milli. Þegar grafið var fyrir sökklinum var komið niður á margar beinagrindur sem lágu þétt hlið við hlið og jafnvel hver ofan á annarri. Haft var samband við þjóðminjavörð en hann gaf leyfi til að halda áfram byggingunni og rannsakaði ekkert. Beinir voru því grafin niður aftur á sama stað en grunnur hússins færður nokkra metra suður fyrir grafreitinn. Beinir virtust vel varðveitt og hauskúpurnar flestar heilar og vel tenntar. Gísli Eyþórsson bóndi á Hofi 1976-1985 handgróf fyrir frárennsli norður frá íbúðarhúsinu og varð þá enn var við talsvert af mannabeinum sem hann gróf niður aftur því að ekki var um sinnt af yfirvöldum.“

Niðurstöður og samantekt

Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal fór fram í júní og júlí 2017. Ekki reyndist unnt að klára skýrslu áður en verkefnið hófst og því var fyrst skilað inn greinargerð þar sem gerðar voru tillögur að tilfærslu á lagnaleið, þar sem það átti við. Í þessari skýrslu er að finna ítarlegri úttekt á minjunum. Alls voru skráðar 44 minjar á 24 jörðum: Álftagerði II, Ánastöðum, Bakkakoti, Byrgisskarði, Brenniborg, Bústöðum, Héraðsdal I, Hofi, Krithóli I, Laufási, Litlu-Hlíð, Litladal, Mælifelli, Reykjum, Reykjaborg, Saurbæ, Stapa, Starrastöðum, Steinsstöðum, Stokkhólma, Vindheimum I og II, Ytra-Vallholti og Ytri-Svartárdal.

Í töflu 1. er yfirlit yfir ástand skráðra minja og fjölda þeirra. Þar sést að rúmlega helmingur minjanna er horfinn og er það ekki óeðlilegt í ljósi þess að minjarnar eru flestar staðsettar á eða í námunda við bæjarstæði.

Tafla 1. Ástand skráðra minja.

Ástand	Fjöldi
Heillegar	1
Vel greinanlegar	2
Greinanlegar	8
Illgreinanlegar	7
Sjást ekki	25
Óstaðsett	1
Samtals	44

Í töflu 2. er yfirlit yfir hættumat sem gert var fyrir skráðar minjar, vegna væntanlegs rasks af völdum lagningar ljósleiðarans. Rétt um þriðjungur minja er talinn í mikilli hættu, eða 13 minjar, 15 eru taldar í hættu og 15 ekki í neinni hættu. Þess má geta að nokkrar minjanna eru horfnar af yfirborði og hættumatið er því gert fyrir mögulegar jarðlægar minjar. Á nokkrum stöðum eru jarðlægar minjar þekktar eins og kirkjugarðurinn á Hofi en sums staðar er ekki vitað hvort að jarðlægar minjar eru til staðar, í báðum tilfellum þyrfti fornleifafræðingur að vera til staðar ef grafnir eru skurðir.

Tafla 2. Hættumat fyrir skráðar minjar.

Hættumat	Fjöldi
Mikil hætta	13
Hætta	15
Engin hætta	15
Ómetið	1
Samtals	44

Lagnaleið Varmahlíð-Hof í Vesturdal – tillögur að breytingum

Varmahlíð – Viðimelur

Engar minjar fundust á lagnaleið frá ídráttarröri í landi Varmahlíðar að heimtaug við Álftagerði.

Heimtaug að Álftagerði (sjá 1. kort í fylgiskjöllum)

Fjárhús, hesthús og rétt úr torfi og grjóti [1873-4 og 1] voru þar sem íbúðarhúsið í Álftagerði II stendur. Þessar byggingar hurfu þegar að grunnur var tekinn að íbúðarhúsinu. Minjar gætu þó verið í jörðu en ekki verður séð að önnur leið að húsinu sé betri.

Krithóll að Ytra-Vallholti yfir Húseyjarland

Engar minjar fundust á leiðinni en þess ber að geta að leiðin liggur yfir afgirt land þar sem til stendur að byggja sumarbústað.

Ytra-Vallholt (sjá 1. kort í fylgiskjöllum)

Í brekkunni sunnan við bæinn í Vallholti eru tóft [1873-5], dæld [1873-4] og garðlag [1873-3] og nær bænum er aflöng dæld [1873-2] sem gæti verið leifar mannvirkis. Fyrirhuguð lagnaleið liggur yfir vesturenda dældar [1873-2], til suðurs í gegnum garðinn [1873-3] og fast upp við dældina [1873-4] í brekkunni ofan túngarðsins.

Tillögur að mótvægisgerðum:

Lagt er til að línan verði færð um **10m til vesturs** en með því mætti forða tóftum frá raski en lögnin myndi fara í gegnum túngarðinn á einum stað.

Syðra-Vallholt

Ekki fundust minjar í landi Syðra-Vallholts en gömlu bæjarhúsin stóðu töluvert sunnan og vestan við núverandi íbúðarhús.

Álftagerði-Brenniborg

Engar minjar fundust á lagnaleið milli Álftagerðis og Brenniborgar.

Heimtaug að Vorboðanum-sumarhúsi

Engar minjar fundust á lagnaleið að Vorboðanum, sumarhúsi í landi Krithóls.

Heimtaug að Krithóli I (sjá 1. kort í fylgiskjöllum)

Á Krithóli I er íbúðarhús með tveimur íbúðum. Gamli torfbærinn [1873-6] stóð þar sem nyrðri íbúðin er. Getið er um bænhús í heimildum og stóðu þau að jafnan nálægt bæjarhúsum en ekki eru heimildir um beinafundi við framkvæmdir. Íbúðarhúsið stendur á bæjarhólnum og gera má ráð fyrir minjum í jörðu en ekki verður séð að önnur leið sé betri að húsinu.

Heimtaug að Krithóli II (sjá 1. kort í fylgiskjöllum)

Íbúðarhúsið á Krithóli II er byggt á Lambhúsholti og á þeim slóðum mun einhvern tímann hafa staðið lambhús. Samkvæmt ábúendum voru engar byggingaleifar sjáanlegar þegar húsið var byggt og aðeins smiðjumór sem kom upp þegar grafinn var grunnur að húsinu.

Heimtaug að Brenniborg

Engar minjar fundust á þessari leið.

Brenniborg-Krithóll (sjá 1. kort í viðhengi)

Á hól norðvestur af bænum í Brenniborg er nokkuð djúp dæld eða hola [1873-8]. Óvíst er hvort þetta sé mannvirki en fyrrum ábúandi og eigandi jarðarinnar sagðist hafa heyrt að einhvern tímann hefði staðið mannvirki á þessum hól. Dældin er rúma 7 metra norður af lagnaleiðinni og ekki gert ráð fyrir að hún verði fyrir raski vegna framkvæmda.

Brenniborg að Saurbæ (sjá 1. kort í viðhengi)

Laufás er eyðibýli austan við Brenniborg, neðan vegar. Ljósleiðarinn liggur vestan við túnið á Laufási en tvennar tóftir [1873-9 og 10] eru með stuttu millibili um 100m suður af túninu. Veggjalög eru ekki vel greinileg en tóftirnar eru þó áberandi í umhverfinu og gras á þeim grænna en umhverfis. Fyrirhuguð lögn liggur yfir nyrðri tóftina en syðri tóftin er um 15m frá miðlinu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Lagt er til að fyrirhuguð lagnaleið verði hnikað annaðhvort um **10m til austurs** eða hún verði **færð nær veginum** til að forða minjunum raski.

Saurbær (sjá 1. kort í viðhengi)

Hesthúshóll heitir norðvestur af íbúðarhúsinu í Saurbæ og á honum stóð hesthús [1873-11]. Búið er að slétta yfir tóftirnar en gera má ráð fyrir minjum í jörðu. Gamli torfbærinn [1873-13] og fjós [1873-12] við hann stóðu þar sem íbúðarhúsið er í dag. Þar má búast við minjum í jörðu en ekki sýnt að önnur leið að húsinu sé betri.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Lagnaleiðin liggur rétt austan við þar sem hesthúsið stóð og lagt er til að henni verði hnikað **nokkra metra til austurs** til að forða minjum í jörðu raski.

Saurbær - Daufá

Engar minjar fundust á milli Saurbæjar og Daufár en leiðin liggur að mestu yfir tún.

Heimtaug að Daufá

Heimtaugin að Daufá liggur meðfram eldri heimreið en engar þekktar minjar eru á þeirri leið.

Daufá að Grjótstekk.

Engar minjar fundust á þessari leið.

Grjótstekkur-Reykjavellir

Engar minjar fundust á þessari leið.

Heimtaug að Grjótstekk

Engar minjar fundust á þessari leið en minjar eru sunnan heimreiðar tæpa 50m frá lagnaleið.

Heimtaug að Reykjavöllum

Engar minjar fundust á þessari leið.

Reykjavellir-Reykjaborg (sjá 2. kort í viðhengi)

Leiðin liggur að mestu yfir tún og gróna árbakka. Í dragi um 90m norðaustur af íbúðarhúsinu Reykjaborg er tóft [1873-12] og liggur lagnaleiðin um 12m austan við hana. Tóftin ætti ekki að vera í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Varmilækur, Laugarholt (heim að bæ), Laugarbakkar (heim að bæ), Reykjaborg (heim að bæ), Ljósaland (heim að bæ), Ljósaland II (heim að bæ), Bjarmaland (reiðhöll)

Engar minjar fundust á fyrirhugaðri lagnaleið á milli þessara býla/húsa.

Vindheimar I og Vindheimar II (sjá 3. kort í viðhengi)

Gamli hestasteinninn [1873-17] er heima við íbúðarhúsið á Vindheimum I en hann er ekki talinn í hættu vegna framkvæmda. Engar minjar fundust á lagnaleið að Vindheimum en þar sem íbúðarhúsið á Vindheimum II stendur voru áður fjárhús og rétt [1873-18] úr torfi og grjóti. Mögulega finnast þarna einhverjar minjar í jörðu en ekki er sýnt að önnur leið að húsinu sé betri.

Vindheimar-Stokkhólmi (sjá 3. kort í viðhengi)

Um 90m suðvestur af íbúðarhúsinu í Stokkhólma er hluti túngarðsins [1873-19] enn greinilegur og liggur ljósleiðaraleiðin í gegnum hann. Garðinum hefur þegar verið raskað á þessum slóðum og því ekki lagt til að lagnaleiðin verði færð.

Úr Steintúnslandi í Reykjaland

Engar minjar fundust á þessari leið.

Reykir (syðra íbúðarhúsið)

Engar minjar fundust á þessari leið.

Reykir (heim að bæ) (sjá 2. kort í viðhengi)

Gamli bærinn [1873-15] stóð þar sem nyrsti hluti íbúðarhússins er í dag. Ekki er gert ráð fyrir að minjar í jörðu verði fyrir raski þar sem lögnin kemur sunnan að húsinu. Í garðinum rúmlega 20m suðaustur af íbúðarhúsinu hefur ábúandi verið að planta trjám og hefur þá komið niður á hleðslugrjót [1873-16] og fundist hafa brot úr postulínsstelli (líklega frá því um 1930-1945). Þarna gætu því bæði hafa verið byggingar og/eða öskuhóll.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að lögnin verði færð **5-10m vestar** til að forða minjunum frekara raski.

Sumarbústaðir ofan Steinsstaðahverfis

Engar minjar fundust á lagnaleið frá Reykjum að tveimur sumarbústöðum sem eru norðan vegar, ofan Steinsstaðahverfis.

Hólabrekka (heim að bæ)

Engar minjar fundust á lagnaleið heim að Hólabrekku.

Steinsstaðir (heim að bæ) (sjá 2. kort í viðhengi)

Kirkjugarður [1873-20] fannst við lagningu rafstrengjar að sumarbústað í landi Steinsstaða rétt rúmlega 30m vestur af bæjartóftinni á Steinsstöðum. Grafir fundust ofan og neðan vegur og hefur vegurinn á sínum tíma verið lagður yfir kirkjugarðinn. Kirkjugarðurinn er úr frumkristni og voru garðar frá þeim tíma oft á bilinu 17-20m í þvermál.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að ný lagnaleið verði ákveðin í samráði við Minjavörð Norðurlands vestra.

Steinsstaðir-Stapi

Rúmlega 20m ofan vegar og 270m norðvestur af íbúðarhúsinu á Stapa er stekkjartóft [1873-21]. Hún er um 5m norður af lagnaleiðinni. Ekki er lagt til að lögnin verði færð en þarna ber að fara með aðgát það lagnaleiðin liggur mjög nálægt minjum.

Stapi (heim að bæ)

Lagnaleiðin að íbúðarhúsinu liggur í túni neðan við gamla bæjarhólinn [1873-22] og ekki gert ráð fyrir að hann verði fyrir raski vegna framkvæmda

Stapi-Héraðsdalur 2

Stekkjartóft [1873-23] er neðan undir sneiðingnum upp úr Dalsplássi og er hann 370m norðvestur af minkahúsunum í Héraðsdal 2. Stekkjartóftin er á smá hól 10m frá lagnaleiðinni og ætti ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Héraðsdalur 2 (heim að bæ)

Íbúðarhúsið í Héraðsdal 2 er byggt á gömlu stekkjarsæði eða fornbyli en nálega hringlaga túngarður er sunnan við húsið og er eingöngu raskaður þar sem að íbúðarhúsið stendur. Að minnsta kosti tvennar stekkjartóftir eru neðan við íbúðarhúsið og tóft er við girðinguna sem afmarkar garðinn í kringum íbúðarhúsið, þessar minjar eru allar utan svæðis. Lögnin kemur að húsinu að austan og ættu minjar ekki að verða fyrir meira raski en þær hafa þegar orðið.

Héraðsdalur 2 – Héraðsdalur 1

Engar minjar fundust á lagnaleiðinni sem liggur að mestu yfir tún.

Héraðsdalur 1 (heim að bæ)

Engar minjar fundust í kringum yngra íbúðarhúsið í Héraðsdal 1 og ekki á leiðinni á milli húsanna sem liggur að hluta yfir tún. Gamli bærinn [1873-24] í Héraðsdal stóð vestan við eldra íbúðarhúsið þar sem nú er garðurinn við húsið. Fjós [1873-44] var norðan við hann. Kirkja var þarna einnig og talið að hún hafi verið sunnan og austan við gamla bæinn og þá utan svæðis. Bærinn er horfinn en smá dæld er þarna í garðinum, mögulega þar sem hann hefur staðið. Ljósleiðarinn á að koma að íbúðarhúsinu að vestan og er þá líklegt að minjar í jörðu verði fyrir raski.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Ef hægt er, er lagt til að ljósleiðarinn verði tekinn inn í húsið **að norðan eða austan** til að forða minjum í jörðu raski.

Héraðsdalur-Laugardalur

Rúmlega 200m austur af eldra íbúðarhúsinu í Héraðsdal 1, norðan við veginn að Litladal og Laugardal er garðlag [1873-12].

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Lagnaleiðin liggur yfir suðurenda garðsins og til að forða honum raski er lagt til að leiðin verði færð **10m til suðurs**.

Laugardalur (heim að bæ)

Engar minjar fundust á þessu svæði en gamli bæjarhóllinn var nokkuð norðan við núverandi íbúðarhús.

Litlidalur

Gamli bærinn [1873-26] í Litladal stóð á sama stað og íbúðarhúsið er núna en lagnaleiðin kemur að viðbyggingu við húsið og ættu því jarðlægar minjar ekki að vera í hættu. Fjosið [1873-27] var norðan við bæinn segir í Byggðasögu og á túnakorti frá 1918 má sjá að það var um 50m norður af bænum en þar sem áttir eru ekki alltaf réttar á kortunum er nákvæm staðsetning þess ekki þekkt. Þarna geta því leynst minjar í jörðu en þar sem ekki er hægt að staðsetja húsin með neinni nákvæmni er ekki lagt til að breytingar verði gerðar á lagnaleið.

Mælifell (heim að bæ)

Gamli bærinn [1873-28] var nokkurn veginn þar sem íbúðarhúsið er í dag og fjosið þar sunnan við þar sem nú er blómagarður. Í gögnum með lagnaleiðinni var ekki heimtaug að íbúðarhúsinu en minjar gætu verið í jörðu þar sem húsið er byggt á gamla bæjarhólnum.

Mælifell-Starrastaðir

Um 150m suðvestur af íbúðarhúsinu á Starrastöðum, norðan túns er vinkillaga grjóthlaðið garðlag [1873-29] sem að lagnalínan liggur yfir.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Lagt er til að hún verði færð um **10m til norðurs** til að forða garðlaginu raski.

Starrastaðir (heim að bæ)

Engar minjar fundust á lagnaleið heim að Starrastöðum en gamli bærinn [1873-30] stóð vestan við núverandi íbúðarhús og ætti því ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Lækjargerði (heim að bæ)-nýtt

Lækjargerði er nýbýli í landi Starrastaða. Það er byggt á Gerðinu og þar er enn beitarhúsatóft norðvestan við íbúðarhúsið. Tóftin er utan lagnaleiðar og aðrar minjar fundust ekki á þessum slóðum.

Laugarmelur (heim að bæ)-nýtt

Laugarmelur er nýbýli og fundust engar minjar á lagnaleiðinni að því frá Starrastöðum.

Starrastaðir-Hafgrímsstaðir

Engar minjar fundust á lagnaleið milli Hafgrímsstaða og Starrastaða en leiðin liggur yfir á og að hluta yfir tún.

Hvammkot-Hafgrímsstaðir

Engar minjar fundust á lagnaleið milli Hvammkots og Hafgrímsstaða. Þess ber þó að geta að þarna var kafgras þegar skráning fór fram.

Ánastaðir (heim að bæ)

Lagnaleiðin liggur austan við bæjarstæðið á Ánastöðum þar sem íbúðarhúsið og torfbærinn við það stóð en nýlega hafa allar byggingar þarna verið rifnar og þarna er nú nýrækt og sáust engar minjar þegar skráð var. Á loftmynd frá 1985 og túnakorti frá 1918 sést að útihús var á syðri lækjarbakka um 100m suðaustur frá gamla bænum [1873-12]. Húsið er horfið en lagnaleiðin liggur nokkurn veginn þar sem að útihúsið var en ekki er hægt að staðsetja það með 100% nákvæmni og því er ekki lagt til að lagnaleiðin verði færð.

Ánastaðir-Ytri-Svartárdalur

Engar minjar fundust á þessari leið.

Ytri-Svartárdalur (heim að bæ)

Engar minjar fundust á heimtaug að Ytri-Svartárdal sem liggur norðan við heimreiðina. Gamli bærinn [1873-32] stóð nokkurn veginn þar sem íbúðarhúsið er í dag og má gera ráð fyrir minjum í jörðu en ekki er sýnt að önnur leið að húsinu sé betri.

Miðdalur (heim að bæ)

Miðdalur er nýbýli og fundust engar minjar á bæjarstæðinu við skráningu.

Bakkakot/Byrgisskar-Bústaðir

Engar minjar fundust á lagnaleið milli Bakkakots og Bústaða.

Bústaðir

Gamli bærinn [1873-36] stóð ofan við íbúðarhúsið á Bústöðum II þar sem vegurinn liggur nú um hlaðið og liggur fyrirhuguð lagnaleið í gegnum gamla bæjarstæðið. Rúmlega 20m sunnan við íbúðarhúsið er útihúsatóft [1873-37] og liggur lagnaleiðin beint vestan þess og eru tóftirnar taldar í hættu. Íbúðarhúsið á Bústöðum II er austan við bæjarlækinn og eru tvennar tóftir austan þess. Annars vegar mjög greinileg fjárhústóft sem lendir utan svæðis og hins vegar tóft [1873-38] sem er nokkuð ógreinilegri og er við bæjarlækinn 7m norðan við lagnaleiðina.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Til þess að forða útihúsatóft [1873-37] raski þyrfti að færa lögnina **nokkra metra til vesturs**. Minjar gamla bæjarins geta enn leynst í jörðu undir veginum og er lagt til að lagnaleið verði

ákveðin í samráði við Minjavörð Norðurlands vestra. Ábúandi (Steindór Búi Sigurbergsson, 2017) benti á að þegar væru rör að húsinu á Bústöðum II úr norðri þar sem að símalínan liggur og ef ljósleiðarinn væri tekinn þar inn, þá hægt að fara yfir lækinn norðar en nú er fyrirhugað að gera.

Bakkakot (heim að bæ)

Engar minjar fundust á lagnaleið að íbúðarhúsinu í Bakkakoti en fjárhús [1873-34] voru þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Það er því mögulegt að þarna finnist minjar í jörðu en ekki sýnt að önnur leið að húsinu sé betri.

Byrgisskarð

Byrgisskarð er nýbýli frá Bakkakoti og byggðist 1958. Við byggingu íbúðarhússins komu upp hleðslur [1873-34]. Mögulega eru þarna enn minjar í jörðu en ekki séð að önnur leið að húsinu sé betri. Gömul fjárhús úr torfi eru enn sunnan við íbúðarhúsið en sléttað hefur verið úr túngörðunum sem þarna voru og sjást á eldri loftmyndum (utan núverandi framkvæmdasvæðis).

Bjarnastaðahlíð-Litla-Hlíð

Engar minjar fundust á lagnaleið milli Bjarnastaðahlíðar og Litlu-Hlíðar en leiðin liggur að stórum hluta yfir tún.

Litla-Hlíð (heim að bæ)

Gamli bærinn [1873-40] í Litlu-Hlíð stóð nokkurn veginn þar sem austurendi íbúðarhússins er í dag en lagnaleiðin liggur að húsinu að vestan og jarðlægar minjar ekki taldar í hættu. Sumarbústaður er í landi Litlu-Hlíðar og fundust engar minjar á lagnaleið að honum.

Litla-Hlíð-Hofsvellir

Engar minjar fundust á þessari leið.

Hofsvellir (heim að bæ)

Hofsvellir eru nýbýli og eru engar þekktar minjar á bæjarstæðinu.

Hofsvellir-Hof

Engar minjar fundust á leiðinni frá Hofsvöllum að Hofi.

Hof (heim að bæ)

Gamli bærinn [1873-41] á Hofi var ofan við íbúðarhúsið og leifar þess ekki taldar í hættu. Kirkja [1873-43] og kirkjugarður [1873-42] voru á Hofi og hafa mannabein komið upp við framkvæmdir t.d. þegar vatnsleiðsla var grafin að húsinu vestan/ofan heimreiðar. Miðað við lýsingar í III. bindi Byggðasögunnar (sjá að neðan) má gera ráð fyrir að bein og leifar kirkju gætu fundist norðan og norðvestan við íbúðarhúsið og mögulega á stærra svæði.

Tillögur að mótvægisáðgerðum:

Lagt er til að lagnaleið verði valin í samráði við Minjavörð Norðurlands vestra.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást a yfirboði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minja geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Byrndís Zoëga (2017). Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Lýtingsstaðahreppi. Byggðasafn Skagfirðinga 2017/180.

Byggðasaga Skagafjarðar III. Bindi Lýtingsstaðahreppur. Hjalti Pálsson (ritstj.). Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2004.

Loftmælingar Íslands. Loftmyndasafn. Mynd nr. J-2057. Aðgengilegt af: <https://www.lmi.is-landupplysingar/loftmyndasafn-2-2/>. Sótt 27.12.2017.

Túnakort varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands:

Bakkakot. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Brenniborg. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Bústaðir. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Litlidalur. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Reykir. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Saurbær. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Ytra-Vallholt. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Örnefnaskrá Ánastaða. Rósmundur G. Ingvarsson skráði, 1982. Örnefnastofnun Íslands.


Fylgiskjöl


Hnitaksrá 1873 - fornleifaskráning vegna ljósleiðara

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	x	y
1873-1	Álftagerði 2		heimild		fjárhús, hesthús	rétt	1700	1968	sést ekki	hætta	framkvæmda	479252	479252
1873-2	Ytra-Vallholt		dæld		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	mikil hætta	framkvæmda	481856	481856
1873-3	Ytra-Vallholt		garðlag		óþekkt	tún- garður	1700	1930	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	481873	481873
1873-4	Ytra-Vallholt		dæld	tóft	óþekkt		1500	1930	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	481879	481879
1873-5	Ytra-Vallholt		tóft		óþekkt	útihús	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		481888	481888
1873-6	Krithóll 1		heimild		híbyli		1000	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	479587	479587
1873-8	Brenniborg		niður- gróftur	tóft	óþekkt		1000	1900	greinanleg	hætta	framkvæmda	480329	480329
1873-9	Laufás		tóft		óþekkt	útihús	1700	1900	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	481057	481057
1873-10	Laufás		tóft		óþekkt	útihús	1700	1910	greinanleg	engin hætta		481058	481058
1873-11	Saurbær		heimild		hesthús		1800	1960	sést ekki	hætta	framkvæmda	481759	481759
1873-12	Saurbær	Saurbær	heimild		útihús		1500	1939	sést ekki	hætta		481831	481831
1873-13	Saurbær	Saurbær	heimild		híbyli		1500	1939	sést ekki	engin hætta		481832	481832
1873-14	Reykjaborg		garðlag		rétt	óþekkt	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		482733	482733
1873-15	Reykir	Reykir	heimild		híbyli		1000	1950	sést ekki	engin hætta		483366	483366
1873-16	Reykir		jarðlægar minjar		útihús	ösku- haugur	1000	1900	sést ekki	mikil hætta	framkvæmda	483395	483395
1873-17	Vindheimar I		steinn		hestasteinn		1000	2017	heillegar	engin hætta		483133	483133
1873-18	Vindheimar II		heimild		rétt, fjárhús		1700	1980	sést ekki	hætta	framkvæmda	483131	483131
1873-19	Stokkhólmi		garðlag		túngarður		1700	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	484393	484393
1873-20	Steinsstaðir		jarðlægar minjar		kirkju- garður		1000	1104	sést ekki	mikil hætta	framkvæmda	484379	484379
1873-21	Stapi		tóft		stekkur		1500	1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	485967	485967
1873-22	Stapi	Stapi	heimild		híbyli		1000	1960	sést ekki	engin hætta		486122	486122
1873-23	Héraðsdalur 1		tóft		stekkur	rétt	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	framkvæmda	486792	486792
1873-24	Héraðsdalur 1	Héraðsdalur	dæld		híbyli		1000	1940	illgreinanleg	mikil hætta	framkvæmda	487773	487773
1873-24	Héraðsdalur 1		heimild		fjós		1700	1940	sést ekki	hætta	framkvæmda	487773	487768
1873-25	Héraðsdalur 1		garðlag		óþekkt	tún- garður?	1700	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	487989	487989
1873-26	Litlidalur	Litlidalur	heimild		híbyli		1000	1953	sést ekki	engin hætta		488417	488417
1873-27	Litlidalur	Litlidalur	heimild		fjós		1700	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	488404	488404


Hnitaksrá 1873 - fornleifaskráning vegna ljósleiðara

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	x	y
1873-28	Mælifell	Mælifell	heimild		híbyli		900	1920	sést ekki	engin hættu		483882	483882
1873-29	Starrastaðir		garðlag		óþekkt		1800	1950	greinanleg	mikil hættu	framkvæmda	484807	484807
1873-30	Starrastaðir	Starrastaðir	hleðsla		híbyli		1000	1950	greinanleg	engin hættu		484943	484943
1873-31	Þúnastaðir		heimild		fjárhús		1500	1990	sést ekki	hættu		491534	491534
1873-32	Ytri-Svartárdalur	Ytri-Svartárdalur	heimild		híbyli		1000	1950	sést ekki	hættu	framkvæmda	492201	492201
1873-33	Bakkakot	Bakkakot	heimild		fjárhús		1700	1980	sést ekki	hættu		495505	495505
1873-34	Bakkakot	Bakkakot	heimild		heimreið		1000	2000	sést ekki	engin hættu		495543	495543
1873-35	Byrgisskarð		heimild		óþekkt		1000	1958	sést ekki	hættu		495737	495737
1873-36	Bústaðir	Bústaðir	heimild		híbyli		1000	1960	sést ekki	hættu	framkvæmda	498923	498923
1873-37	Bústaðir		heimild		heimreið		1000	1950	sést ekki	engin hættu		498911	498911
1873-38	Bústaðir		tóft		fjárhús	fjós	1900	1980	greinanleg	mikil hættu	framkvæmda	498914	498914
1873-39	Bústaðir		hleðsla		óþekkt		1000	1900	greinanleg	hættu	framkvæmda	498910	498910
1873-40	Litla-Hlíð	Litla-Hlíð	heimild		híbyli		1000	1940	sést ekki	engin hættu		498279	498279
1873-41	Hof		heimild		híbyli		1000	1956	sést ekki	engin hættu	framkvæmda	498679	498679
1873-42	Hof		jarðlægar minjar		kirkju-garður	kirkja	1000	1700	sést ekki	mikil hættu	framkvæmda	498676	498676
1873-43	Hof		jarðlægar minjar		kirkju-garður	kirkja	1000	1700	sést ekki	mikil hættu	framkvæmda	498676	498677









Mælifell

1873-28

0 100 200 300 400 500 m

5. kort
minjar-hættumat

- mikil hætta
- hætta
- engin hætta
- ljósleiðari


1873-30


1873-29

Starrastaðir



Loftmyndir ehf.





Litla-Hlíð 1873-40

N

Hofsvellir

Vesturhlíð

0 100 200 300 m

8. kort minjar-hættumat

- mikil hættu
- hættu
- engin hættu
- ljósleiðari

Hof 1873-42-43
1873-41



Loftmyndir ehf.